

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Náttúruvættið Kaldárhraun og Gjárnar - Uppfærð-

Verk- og tímaáætlun

Janúar 2023

Forsendur

Kaldárhraun og Gjárnar í Hafnarfirði voru friðlýst sem náttúruvætti árið 2009. Kaldárhraun er heillegt og óraskað helluhraun á vinsælu útivistarsvæði við Helgafell, en upptök hraunsins eru í gígum austan við norðurenda Gvendarselshæðar. Kaldárhraun er eitt síðasta dæmið um heillegt og óraskað helluhraun í landi Hafnarfjarðar og er fræðslu- og útivistargildi svæðisins metið hátt. Á svæðinu eru fornminjar sem tengjast selbúskap, m.a. gömul gata, Kaldárstígur.

Markmið með friðlýsingu Kaldárhrauns og Gjánna er að vernda helluhraunsmýndun og fagrar klettamyndanir í vestari hrauntröðinni frá hinni kunnu eldstöð Búrfelli.

Í 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að friðlýsa megi einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna og kallast þær náttúruvætti. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber Umhverfisstofnun ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði. Tillaga að slíkri áætlun skal liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar.

Í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kaldárhraun og Gjárnar sitja:

- Þórdís Vilhelmína Bragadóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- René Biasone, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Berglind Guðmundsdóttir, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar
- Guðmundur Elíasson, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar

Almennt um verkefnið

Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Umhverfisstofnun hefur unnið stefnumótun um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Með henni fylgir hlaupandi aðgerðaáætlun til 3ja ára. Umhverfisstofnun, sveitarfélagi og landeigendum er heimilt að ákveða að endurskoða áætlunina gerist þess þörf.

Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar verði lokið í *september 2023*.

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlunir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan máta. Stjórnunar- og verndaráætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndarráðstafanir en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is.

Stjórnunar- og verndaráætlun er alla jafna skipt í eftirfarandi kafla en er staðfærð og aðlöguð því svæði sem áætlun er unnin fyrir.

1. Hið friðlýsta svæði

- 1.1. Tengsl við áhrifasvæði og aðkomuleiðir
- 1.2. Stjórnunar og verndaráætlun
- 1.3. Eignarhald og umsjón
- 1.4. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- 1.5. Verndargildi og verndarflokkur

2. Staða og stefna

- 2.1. Náttúruminjar, jarðminjar og lífríki
- 2.2. Menningarminjar
- 2.3. Helstu ógnir
- 2.4. Landnotkun og innviðir
- 2.5. Fræðsla og skilti
- 2.6. Öryggismál
- 2.7. Rannsóknir og vöktun

3. Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Heimildir

Viðaukar

Aðgerðaáætlun

Þá mun einnig fylgja stjórnunar- og verndaráætluninni sérstök hlaupandi aðgerðaáætlun til þriggja ára en í henni verða tímasett markmið og aðgerðir fyrir svæðin.

Umsjón með verkefninu

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar en í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar eiga einnig sæti fulltrúar sveitarfélags og landeigenda og eftir atvikum helstu hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir virkri aðkomu samstarfshópsins.

Samráð og upplýsingagjöf

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlun svæðanna. Gert er ráð fyrir að helstu hagsmunaaðilar verði upplýstir um gerð áætlunarinnar.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðin verða síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning í sex vikur og þá gefst öllum kostur á að senda inn athugasemdir. Nánari upplýsingar um samráð má sjá í samráðsáætlun fyrir verkefnið.

Verk- og tímaáætlun

Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir.
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

1. áfangi: Undirbúningur.

Tími: október - desember 2020

- Unnið að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.
- Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp og hann skipaður.
- Samstarfshópur fundar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu.
- Samráðsaðilar tilgreindir.
- Verk- og tímaáætlun lögð fram.
- Bréf send til samráðsaðila sem tilgreindir eru í samráðsáætlun.
- Upplýsingar settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Afurð: Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Samráðsaðilar upplýstir um að vinna við gerð áætlunarinnar sé hafin.

2. áfangi: Friðlýsta svæðið og stjórnsýsla.

Tími: Desember 2020 - janúar 2021

- Teknar verða saman bakgrunnslýsingar fyrir stjórnsýslu svæðisins.

Afurð: Drög að 1. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

3. áfangi: Staða og stefna.

Tími: febrúar - mars 2021

- Unnin drög að 2. kafla áætlunarinnar. Samstarfshópurinn mun vinna áfram að stefnumótun svæðisins, setja fram markmið og aðgerðir.
- Unnin drög að kortum eftir þörfum.

Afurð: Drög að 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og kort af svæðinu.

4. áfangi: Greining á aðgerðum.

Tími: mars -apríl 2021

- Þær aðgerðir sem lagðar voru til í 2. áfanga eru greindar, þeim forgangsraðað og sett tímamörk. Drög að aðgerðaáætlun unnin.
- Drög að áætlun í yfirllestur hjá Umhverfisstofnun.

Afurð: Drög að aðgerðaáætlun.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fóru í bið. Vinna hafin að nýju í árslok 2022.

5. áfangi: Drög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin og uppfærð.

Tími: febrúar – mars 2023

Afurð: Uppfærð drög að stjórnunar- og verndaráætlun ásamt aðgerðaáætlun

6. áfangi: Kynningarferli í 6 vikur.

Tími: mars – apríl - maí 2023

- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin hjá Umhverfisstofnun.
- Drögin auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins.
- Bréf send til samráðsaðila og þeim bent á að kynningarferlið sé hafið.
- Almenni gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir.
- Kynningarferlið stendur í 6 vikur.
- Opinn kynningarfundur fyrir samráðsaðila og almenning ef þörf er á.

Afurð: Drög að stjórnunar- og verndaráætlun tilbúin og sett í kynningarferli.

Kynningarfundur hugsanlega haldinn.

7. áfangi: Úrvinnsla athugasemda, lokaafgreiðsla.

Tími: maí – júní 2023

- Unnið úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.
- Unnin greinargerð þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim svarað.
- Afgreiðsla stjórnunar- og verndaráætlunar hjá Umhverfisstofnun.
- Lokafrágangur á áætlun og fylgiskjöllum, prófarkalestur.

Afurð: Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt greinargerð.

8. áfangi: Útgáfa

Tími: september 2023

- Stjórnunar- og verndaráætlun send umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til undirritunar.
- Stjórnunar- og verndaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og Hafnarfjarðarbæjar.